

Valgerður Árnadóttir, Ágúst Bogason, Máni Pétursson og Viðar Friðriksson.



Harpa Einarsdóttir, Eygló Lárusdóttir og Berglind Laxdal.



TÓNLEIKAR hljómsveitarinnar Leaves voru á Gauki á stöng.

Ína Hrund Ísdal og Bríet Ósk Guðrúnardóttir.



Oddur Ingi Þórsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.



Anna Dóra Ófeigsdóttir og Heiða Dóra Jónsdóttir.

Ævintýraskáld og átta konur

Á Kjarvalsstöðum var hin ævintýralega sýning **Kosuth** og **Kabakov**, **Lífheimur**, sett af herra **Ólafi Ragnari Grímssyni** en forseti lýðveldisins var unglegur og gott ef ekki svolítið strákslegur í töff, svörtum jakkafötum. Opnunardaginn bar upp á fæðingarafmæli **H.C. Andersen** en skáldið er uppspretta innsetninga listamannanna auk þess sem **Sören Kierkegaard** kemur við sögu. Sýninga-opnana-áskrifendur mættu samviskusamlega og sprönguðu um hugarheima listamannanna, keikir og kátir, rétt eins og keisarinn í nýju fötunum sínum. Þekktir og þenkjandi voru **Mörður Árnason** málverndarmaður, **Herdís Þorvaldsdóttir**, leikkona og listamannaættmóðir, og **Helgi Þorgils** myndlistarmaður. Mætt voru **Vigdís Finnbogadóttir** hin eina sanna og að sjálfsögðu sendiherra Danmerkur, **Lasse Reimann**, auk þess sem óvenju margir úr leikarastétt voru á staðnum. Fluga spottaði svo aftur forsetann okkar flotta er þau voru bæði viðstödd frumsýningu á **Stóra sviði Þjóðleikhússins** á glæpsamlega gamanleikritinu **Átta konur** eftir **Robert Thomas**. Stóðu leikhúsgestir allir sem einn upp á annan endann til að sýna tilhlýðilega virðingu, þeirra á meðal **Sigríður Dúna Kristmundsdóttir** fræðimaður, en hún var með dúnmjúkt hárið uppsett og stóra, gyllta eyrnalokka, og fallegasti leikari landsins, **Björn Hlynur Haraldsson**. Þau voru þó ekki saman á ferð. Margt merkra manna mætti, sjarmurinn **Páll Baldvin Baldvinsson**, ritstjóri DV, **Jón Óttar Ragnarsson** Vesturfari, og frú hans **Margrét Hrafnsdóttir**, og **Þórður Árnason** Stuðmaður eða „frummaður“ samkvæmt nýjasta útspili bandsins. Í hléinu í **Kjallaranum** tylltu sér við dúklagt borð athafnahjónin **Björgólfur Guðmundsson**

... brunaði flottur á silfurgráum tveggja sæta Benz eftir götunni í glæsilegum, ljósum leðurjakka ...



FRUMSÝNING á Átta konum var á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

Ljósmyndir: Eggert

Kristín Bergsdóttir og Samúel Jón Samúelsson.



Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson.



Silja Björg Halldórsdóttir og Halla Rut Halldórsdóttir.

með appelsínurautt bindi og samlitan klút í brjóstvasanum og hvítklædd **Þóra Hallgrímsson**. Fluga er alvarlega að hugsa um að fjárfesta í leikhúskíki enda nauðsynleg njósnagræja fyrir forvitnar hefðardömur og smart viðbót við klæðnaðinn, t.d. skreyttur perlum eða semelíusteinum. Með einum slíkum hefði hún séð kroppinn **Samúel Jón Samúelsson** (**Samma** í **Jagúar**) í nærmynd en hann hafði umsjón með tónlist leikritsins.

Í **Galleríi Anima** í **Ingólfsstræti** opnaði **Helga Egilsdóttir** málverkasýninguna **Hugin**. Nokkuð margt var um manninn og sást meðal annars til listfræðingsins **Hrafnhildar Schram** og **Sigurðar Örlygssonar** listmálara. **Reykjavík**, musteri menningarinnar, var fersk og fjörug þrátt fyrir hressilegt kuldakast. Á vappi sínu á **Vesturgötunni** spottaði fröken Fluga **Kristján Þorsteinsson**, veitingamann á **Humarhúsinu**, sem brunaði flottur á silfurgráum tveggja sæta Benz eftir götunni í glæsilegum, ljósum leðurjakka. **Lalli Johns** gaf sig á tal við vegfarendur fyrir framan **Kaffi Reykjavík**, brosandi og lífsglaður með veraldlegar eigur sínar í poka á bakinu, og **Hugleikur Dagsson** hélt fermingarveislu vegna útkomu bókarinnar **Fermið okkur** í anddyri **Borgarleikhússins**. Hugmyndasmiðurinn **Hugleikur** sló upp veisluborði með klassískri kransaköku og bauð upp á malt og appelsín íklæddur presthempu með hvítum kraga og allt. Amen og allt það ... | *flugan@mbl.is*



Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Sigríður Fransiska Friðriksdóttir og Júlía Kristmundsdóttir.



Björgólfur Guðmundsson, Þóra Hallgrímsson, Elína Hallgrímsson og Ragnar Guðmundsson.



Eva Garðarsdóttir Kristmanns, Ástríður Jónsdóttir, Guðríður Sveinsdóttir og Hanna Hjördís Jónsdóttir.